

**Yfirlýsing frá Kópavogsbæ, Seltjarnarnesbæ, Mosfellsbæ og Sveitarfélaginu Ölfusi
um sérstakar greiðslur til félagsmanna Eflingar stéttarfélags**

Frá 1. apríl 2020 verða greiddar sérstakar greiðslur til starfsfólks í föstu starfi hjá Kópavogsbæ, Seltjarnarnesbæ, Mosfellsbæ og Sveitarfélaginu Ölfuss. Greiðslurnar gilda um störf sem raðað er í launaflokka á bilinu 117 til 130. Greiðslan nemur samtals 15.000 kr. á mánuði vegna þeirra starfa sem raðast í launaflokka 117 til 124. Greiðslan tekur lækkun við hvern launaflokk samkvæmt eftirfarandi töflu:


Starfsmats- stig frá	Starfsmats- stig til	Launaflokkur	Sérstök greiðsla á mánuði
266	344	117 - 124	15.000 kr.
345	354	125	13.500 kr.
355	363	126	12.000 kr.
364	372	127	9.000 kr.
373	381	128	7.500 kr.
382	390	129	4.500 kr.
391	399	130	2.000 kr.

Greiðslan er föst fjárhæð miðað við starfshlutfall, óháð einstaklingsbundnum launamyndunarpáttum, og tekur ekki hækkunum á samningstímanum. Orlofslaun teljast innifalin í áðurgreindum fjárhæðum. Greiðslur samkvæmt ofangreindu falla niður í lok samningstímans, þannig 31. mars 2023, án frekari fyrirvara, en þó þannig að greiðslur haldast í samræmi við framkvæmd þar til gengið hefur verið frá nýjum kjarasamningi milli aðila.

Fái starf endurmat/endurskoðun til hærri stigaröðunar og/eða ef breyting verður á starfsheitum/ráðningarkjörum starfsfólks á ofangreindum stigabilum, þannig að launaröðun taki mið af hærri stigaröðun, tekur greiðsla breytingum í samræmi við breytt stigabil. Nái stigaröðun starfs hærri stigaröðun en 399 starfsmatsstigum falla greiðslur samkvæmt ofangreindu niður.

Gætt verði jafnræðis varðandi launakjör starfsmanna í heimaþjónustu.

Kópavogur 10. maí 2020



f.h. Kópavogsbæjar, Seltjarnarnesbæjar,
Mosfellsbæjar og Sveitarfélagsins Ölfuss.